

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1949.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 30 1. febrúar 1936, um breyting á og viðauka við siglingalög nr. 56 30. nóvember 1914, undirskrifuð af forsetanum 29. júlí 1949, nr. 80.

Auglýsing um, að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum, undirskrifuð af forsætisráðherra 21. júlí 1949, nr. 81.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 3 14. febrúar 1949, um samkomudag reglulegs Alþingis 1949, undirskrifuð af forsetanum 16. ágúst 1949, nr. 82.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 80 7. sept. 1942, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 83.

Forsetabréf um þingrof, undirskrifað af forsetanum 12. ágúst 1949, nr. 84.

Forsetabréf um kosningar til Alþingis, undirskrifað af forsetanum sama dag, nr. 85.

Auglýsing um viðskiptasamkomulag milli Íslands og Svíþjóðar, undirskrifuð af utanríkisráðherra 20. júlí 1949, nr. 86.

Auglýsing um framlengingu gengistryggingarsamnings milli Íslands og Frakklands, undirskrifuð af utanríkisráðherra 19. ágúst 1949, nr. 87.

REGLUGERÐ

100

23. júlí

um breytingar til bráðabirgða á fjallskilareglugerð Austur-Húnavatnssýslu, nr. 98 15. júlí 1941, er gildi meðan bannað er að reka sauðfé til heiða.

1. Leitir fari fram norðan varnargirðinga laugardag í 22. viku sumars. Réttir sunnudaginn næst á eftir.
2. Leitir fari fram á afréttum sunnan varnargirðingar, miðvikudag til föstudags í 23. viku sumars. Stóð sé réttáð laugardag í sömu viku.
3. Síðari leitir sunnan varnargirðingar fari fram á fimmtudag og föstudag og síðari rétt laugardaginn í 24. viku sumars.
4. Fjárskiladagur sé óbreyttur.
5. Stóðeigendum er skylt að reka öll stóðhross, sem ekki eru ætluð til sölu eða slátrunar að sumrinu, fyrir 1. júlí suður fyrir varnargirðingar. Sé það vanrækt ber hreppsnefndum að sjá um rekstur stóðsins á kostnað eigenda. Söluhross, sem heima eiga að vera, skal mála á lend. Sé það vanrækt, er heimilt að reka þau til afréttar.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 12 31. maí 1927, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 23. júlí 1949.

Bjarni Ásgeirsson.

Árni G. Eylands.